

LISTIR

Frásögn af uppbyggingu og niðurrifi hluta

Skønne Hjem, Illustrierte Videnskab og Fogtdals Illustrierte Tidende. Tímaritunum fylgdu árbækur svo sem – Håndbold Jul, Bil Revien, Båd Revyen og Antik Børsen. Við þetta má bæta þrem til fjögur hundruð fagbóka um hús, garða, matreiðslu og innréttingar!

Palle Fogtdal seldi útgáfuréttinn að öllum þessum tímaritum og fagbókum til Bonniers forlagsins 1983, og spurður hverju því sætti svaraði hann; að nú væri komin tími til að sjósetja betri bækur. Sat ekki við orðin tólm, fimm árum eftir fyrstu árbókina fylgdi Fogtdals Kunstleksikon, í þrettán bindum, og fimm árum þar á eftir, Ny Dansk Kunsthistorie 1–10! Á þeim tímum komu ekki eins margar listaverkabækur út og tilfellið er í dag og margir drjúgir hæfileikamenn nánast óþekktir, hins vegar var áhugi almennings í miklum uppgangi, fleiri og fleiri kaupendur að fjölbættum tegundum myndlistar. Fogtdal varð þannig til að sinna vaxandi þörf á hlutlægum og gagnsæjum upplýsingum á breiðu sviði og um leið mikilvirkur þátttakandi í uppsveiflunni. Manninum nægði ekki að styðja einungis við bakið á myndlist, heldur var hann með í að fjármagna kvikmyndir eins og Valhalla, Hip, hip, hurra og Pelle Erobreren og hratt af stað björgunaraðgerðum varðandi ýmsar menningarstofnanir eins og dagblaðið Information og veitingahúsið Søpavillonen, og rak menningarlega veitingabúð ofarlega á Strikinu, Fogtdals Foto-café 1996–2001. Þaðan á ég margar góðar minningar af ljósmyndasýningum er sköruðu daglegt lífi í árunna rás, innlendi list mennt og sögu, sem og ljúfum veitingum. Krossbrá og var gjörsamlega heillum horfinn þegar ég kom þangað að lokuðum dyrum 2001.

Svo vikið sé aftur að árbók danskrar listar 2003 þá er bóka-kápan ljósmynd af hálendi Íslands eftir Ólaf Eliasson, tekin árið 2000. Rjúki einhverjir upp og segi Dani þar með vera að eigna sér Ísland-inginn Ólaf Eliasson er það bull og vitleysa. Íslendingar eiga nákvæmlega ekki neitt, 0.00, í menntunargrunni hans og því síður fremd.

Aðalritstjórinn fyrstu tíu árin var hinn þekkti og óvægi listrýnir Extra-blaðsins og Kunstavisen Alex Steen, sem frægur varð fyrir baráttu sína gegn listsvindli, meðal annars málverkafölsunum og ódýrum eftirgerðum, plagiat, og endurómáði í öllum fjölmiðlum. Steen fékk til liðs við sig ýmsa aðra þekktu listrýni meðal annars Torben Weirup, sem seinna tók við og hefur ritstýrt árbókinni síðastliðinn áratug. Útgáfa fyrsta eintaksins fyrir 20 árum var stórvíðburður í danski list og var haldið upp á það með móttöku í Søpavillonen. Við innganginn stóðu útgefandinn og ritstjórinn og gáfu hverjum einum boðsgesti áritað eintak.

Í þessu hefti eru nokkrar þemagreinar ásamt því að hollenska listamanninum Pierre Alechinsky eru færðar sérstakar þakkir fyrir lofgjörð sína um Carl-Henning Pedersen, einnig forstöðumanni Louisiana Poul Erik Tøjner fyrir hugleiðingar sínar á bók um andrúmið í hinum minni söfnum landsins, jafnframt starfsbróður ritstjórans, hinum hollenska Cees Strauss fyrir yfirvegað mat á listhátíð hinna gullnu daga, Golden Days-festival.

Árbókin sjálf er mjög fróðleg og upplýsandi lesning, komið hreint og undanbragðalaust að hlutunum. Um hina leiðbeinandi sýningarskrá Fenejvatvíringsins 2003, er þannig sagt, að hún sé hvorki fugl né fiskur, uden hoved og hale. Væri þó í sjálfu sér ekkert óvenjulegt þegar gagnrýnendur, sýning-

arstjórar, listsögufræðingar – og í stöðugt ríkari mæli listheimspekningar eru að sanna sig fyrir starfsbræðrunum – hvað þeir hafi til einka sér mörg tökuorð frá því síðast, og hvernig þeim auðnist að setja þau saman þannig að skrifin verði líkust samsæri frá óþekktum trúarbrögðum. Sýningargestirnir fullkomlega út úr myndinni í því samhengi, núll og nix. En þannig hafi það ekki verið um sýningarskrána varðandi framlag Ólafs Eliassonar í Danska skálanum, sem var útbúin hrygglaða gormi, spiralyrg, sem samanstóð af röð texta og fyrir neðan nokkurs konar skáldsaga eftir Svend Åge Madsen, ásamt finum formála Gittu Ørskou, sýningarstjóra Ólafs.

Af framanskráðu má vera salla-klárt að Danir kunni að jarðtengja eigin myndlistarvettvang, sem um leið er meginveigur grunnur og algert skilyrði útrásar á alþjóðavísu, mál málanna. Að nálgast hlutina frá öllum hliðum, tengja þá faglegu upplýsingastreymi af hárrí gráðu, árbókin hér sér á báti. Ótaldar stórar og veglegar bækur frá öðrum forlögum bæði um danska list svo og einstaka listamenn sem skipta tugum og hundruðum, auk veglegra katalóga mikilsverðra sýninga. Gefur auga leið að í dansk Kunstlexikon frá 2002, í þrem drjúgum bindum, er forlag Palle Fogtdals sagt af minni gráðunni.

Þannig að upplýsa þetta í tilefni umræðunnar um útrás íslenzkrar myndlistar, því ekki gengur hér frekar en fyrri daginn að byrja á þaknu þegar háhýsi er byggt, en um slíkan hugsunarhátt eru Íslendingar fremstir meðal jafningja á Norðurlöndum. Almennur illa upplýstur og ótal sýningaviðburðir lenda í glatkistunni, hins vegar eigum við líkast til heimsmet í illa undirbúnum og skipulögðum síblyjusýningum og flippi með listhugtakið. Þá gera listamenn sér í oflæti sínu jafnvel ekki grein fyrir eðlismun listhúsa sem styðja við bakið á örfáum listamönnum og markaðssetja þá í spreng og til að mynda listamörkuðum. Allt á að vera eins og menn sjá það í útlöndum eða réttara vilja sjá, því veirviðamestu listamarkaðir sem skrifari hefur séð voru einmitt í heimsborgunum París og New York, skeði í listamannhverfinu Greenwich Village 1965 og á Bastillu-svæðinu 1999. Síðustu 20 árin sorgarsaga í upplýsingaflæði, þó með fáeinum undantekningum og ljósglætu á níunda áratugnum, þakkað veri útgáfustarfsemi Listasafni ASÍ og Lögbergi, útgáfuforlagi Sverris Kristinssonar.

Norðmenn hafa farið að dæmi Dana og þannig lá vegleg árbók norskrar listar á borðinu hjá Hannei Sigurðssyni á Listasafni Akureyrar er ég var þar á ferð á síðastliðnu ári, þar þekki ég minna til og einnig hvað hin Norðurlöndin snertir, en hef mikinn áhuga á að kynna mér það á í náinni framtíð.

En alveg rétt að íslenzk myndlist er í frystihúsi og þarfnast stærri markaðar en hann verður ekki höndlaður með einsleitni heldur gagnsæi. Er hér ekki mál að taka til höndunum og varpa ljósi á það sem hefur skeð, og skeður hérlandis frá ári til árs? Eina marktæka yfirlitið um skilvirka kynningu var bókinn sem gefin var út í tilefni þess að hundruð ár voru liðin frá stofnun Listasafns Íslands 1984. Mun hafa selst upp fyrir fimm árum eða svo og ætti að vísa til þess að fyrir hendi er markaður fyrir slík rit. En því miður virðist áráttan vera sú að leggja slíkar útgáfur helst í hendur eins aðila sem er stórslys, katastrofa, og tíðkast hvergi ef hlutlægni skal gætt.

ÞRIÐJA og síðasta sýningin í sýningaröðinni Píramíðarnir verður opnuð í dag í Ásmundarsafni, en áður hafa Erling Klingenberg og Ásdís Sif Gunnarsdóttir sýnt þar. Það er Guðný Guðmundsdóttir sem að þessu sinni mætir til leiks, með teikningar og skúlptúra að vopni. Sýningarstjórinn Hekla Dögg Jónsdóttir segir þetta um verk Guðnýjar: „Í verkum sínum teflir hún saman táknum og myndum úr umhverfinu og vefur þeim saman þannig að sífellt myndast nýtt samhengi. Hreyfing og myndbygging eru Guðnýju ávallt hugleikin. Áhorfandinn byrjar ósjálf-rátt að ferðast í huganum fyrir fram-an innsetningar hennar.

Á sýningunni í Píramíðanum stendur sýningarkassi. Afmarkaður og lokaður heimur sem samt er hægt að sjá í gegnum. En þessi kassi er reyndar brotinn og galoppinn. Hlutir vaxa út úr honum og það glittir í kjarnann. Teikningarnar eru skrásetning á gangvirki hluta sem mynda einskona landakort listamannsins. Þetta eru myndir af óljósu og mjög persónulegu ferðalagi. Það virðist engan enda ætla að taka.“

Skrásetning á þróun

En hvernig lýsir Guðný sjálf þessari sýningu?

„Á sýningunni eru teikningar, skúlptúrar og myndverk sem byggjast á teikningunum. Teikningarnar eru skrásetning á einhverri þróun sem er að verða í teikningunni, bæði hvað varðar myndbyggingu og þema. Frá teikningu til teikningar er breytingin ekki mikil, sem gerir þetta að hálfgerðu flæði. Það detta út hlutir sem ég hef teiknað og unnið með um tíma. Ég nota endurtekningar mjög mikið í verkum mínum og hengi teikningarnar saman hlið við hlið, sem gerir þær að einskonafrásögn.“

Af hverju er sú frásögn?

„Hún er af uppbyggingu og niðurrifi hluta. Þetta gengur út á hreyfingu og ferli, og tilurð hluta og niðurrif þegar hlutir eru búnir að þjóna tilgangi sínum – líkt og þegar maður hendir einhverju sem maður er búinn að nota.“

En hvaðan eru þessar pælingar Guðnýjar sprotnar?

„Þegar ég byrjaði í myndlist í skóla var ég alltaf að horfa í kringum



Morgunblaðið/Brynjar Gauti

Guðný Guðmundsdóttir er síðasti listamaðurinn í sýningatríóinu Píramíðarnir í Ásmundarsafni. Sýning hennar verður opnuð í dag kl. 17.

mig og hugsa: Nú er ég stödd í myndlistarskóla og á að gera myndlist. Fólk var að gera myndlist í kringum mig og ég átti að vera að því líka. Þá fór maður að hafa áhuga á því hvernig myndlist verður til og hvað er búið að gerast áður en hluturinn er kominn upp á stöpul eða búið að hengja hann upp á vegg. Hvers konar tæki og tól eru notuð til þess, hvort sem þau eru alvöru eða huglæg. Þá fór ég að búa til form sem minntu á einhvers konar verkferi. Þannig kannski byrjaði þetta allt saman, fyrir átta árum.“

Guðný segir þetta grunninn að því sem er að gerast á sýningunni í Ásmundarsafni, þótt mikið þróunarferli hafi átt sér stað síðan þá. „Ég er kannski einn af þeim myndlistarmönnum sem bæta alltaf við það sem þeir hafa verið að gera áður, og stundum hætti ég við ákveðinn hlut, sem kemur svo stundum aftur. En fúnksjón, hvernig hlutir virka, hefur alltaf verið mér ofarlega í huga.“

Sýningin stendur til 2. maí. Ásmundarsafn er opið daglega í apríl frá kl. 13–16 en frá 1. maí frá kl. 10–16.

Sýningum lýkur

Hafnarborg

Þann 20. mars sl. opnuðu tvær listakonur, mæðgurnar Rúna (Sigrún Guðjónsdóttir) og Ragnheiður Gestsdóttir, sýningar í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar.

Sýning Rúnu ber heitið Birting. Í Sverrissal sýnir hún akrýlmyndir, málaðar á handgerðan pappír og í Kaffistofu eru steinleirmyndir.

Ragnheiður Gestsdóttir hefur unnið við myndskreytingar á eigin bókum og annarra í rúma þrjú áratugi. Hún sýnir frumgerðir myndlýsingar úr barnabókum í Apótekinu og ber sýningin heitið Lýsing.

Sama dag var opnuð í Hafnarborg sýning á samtímalist frá Flensborg. Á sýningunni eru verk eftir átta listamenn; Nils Vollertsen, Tine Bay Lührsen og Viggo Böhrnsen-Jensen frá Suður-Slésvík og Hans Lembrecht Madsen, Jes Mogensen, Jes Schröder, Bente Sonne og Rick Towle frá Suður-Jótlandi.

Sýningunum lýkur 12. apríl. Hafnarborg er opin alla daga nema þriðjudaga frá kl. 11 til 17.

Ráðhús Reykjavíkur

Sýningu Benedikts S. Laflaur er nefnist Nýja landmótskenningin og hvíti indíaninn lýkur um helgina.

Glæsilegt úrval
Sisal og Kókos
gólfteppa

100% náttúruæfni

20%
afslátturHeimilis-
gólfdukar
Tilboðsverð

Teppamottur

Stigateppi

Teppi horn í horn

Gerum
tilboð að
kostnaðar-
lausu

GÓLFBÚNAÐUR

KJARAN EHF. • SÍÐUMÚLI 14 • 108 REYKJAVÍK
SÍMAR 510 5510 • 510 5500

OPIÐ VIRKA DAGA KL. 8 - 18.